



ERINDISBRÉF NEYÐARSTJÓRNAR

Ábyrgðarmaður:

Bæjarstjóri Kópavogsbæjar.

Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Kópavogsbæjar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna.

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almanniheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Að öðru leyti helst stjórnskipulag Kópavogsbæjar óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/ sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi.

Bæjarstjóri er formaður neyðarstjórnar Kópavogsbæjar og er hún virkjuð á hættustundu sem nær bæði yfir hættustig sem og neyðarstig almannavarna. Neyðarstjórn er ætíð virkjuð á neyðarstigi og hættustig eftir þörfum. Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðslu þeirra þoli enga bið.

Bæjarstjóri er ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki sveitarfélagsins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Bæjarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar starfar samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélagsins. Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðum, undirbúningi funda, fundarritun og úrvinnslu í samráði við bæjarstjóra. Fundargerðir eru samþykktar af neyðarstjórn.



Neyðarstjórn skipa

Bæjarstjóri, formaður

Bæjarritari, varaformaður

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Sviðsstjóri menntasviðs

Sviðsstjóri umhverfissviðs

Umbóta- og þróunarstjóri

Þjónustustjóri

Áhættu- og fjárstýringarstjóri

Mannauðsstjóri

Miðlunarstjóri

Varamenn

Yfirlögfræðingur

Deildarstjóri gatnadeildar

Skrifstofustjóri menntasviðs

Skrifstofustjóri velferðarsviðs

Netstjóri tölvu- og símkerfa

Staðgengill mannauðsstjóra

Starfsmaður neyðarstjórnar er verkefnastjóri skrifstofu bæjarritara.

Helstu samstarfsaðilar

Unnið er með starfsfólki almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan Kópavogsbæjar.

Starfstímabil

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar starfar á tímabilinu 2022-2026.

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar 10. febrúar 2026.

